

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 9. september 2025 í máli nr. 12/2025

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 29. janúar 2025 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við Y („varnaraðili“). Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum 178.875 krónur.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubrúfi, dags. 31. janúar 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Þann 13. mars 2025 var þú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Með tölvubrúfi, dags. 22. apríl 2025, var skiptastjóra þrotabúsins gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar. Með brúfi síðar sama dag upplýsti skiptastjóri að hann hygðist ekki láta málið til sína taka fyrir hönd þrotabúsins vegna eignaleysis þess.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, reikningur, dags. 20. júní 2024, millifærslukvittun, dags. 21. júní 2024, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila og skjáskot af símtalaskrá sóknaraðila.

Með brúfi, dags. 8. september 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á sturtubotni og handlaug af varnaraðila þann 21. júní 2024 og greiddi alls 178.875 krónur fyrir með millifærslu inn á reikning varnaraðila. Upphaflegur afhendingartími varanna var í júlí 2024. Ekki varð af afhendingu þá og voru aðilar í nokkrum samskiptum í gegnum tölvupóst í kjölfarið. Svör varnaraðila við fyrirspurnum sóknaraðila voru jafnan á þann veg að vörurnar yrði afhentar innan skamms. Þann 8. desember 2024 óskaði sóknaraðili eftir endurgreiðslu kaupverðs og féllst varnaraðili á það í tölvupósti tveimur dögum síðar. Sóknaraðili ítrekaði ósk sína um endurgreiðslu í byrjun janúar 2025. Að sögn sóknaraðila hafi endurgreiðsla enn ekki borist og varnaraðili ekki svarað frekari skilaboðum sóknaraðila. Krefst sóknaraðili því fullrar endurgreiðslu kaupverðs úr hendi varnaraðila.

IV

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur kosið að láta málið ekki til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn

andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili festi kaup á sturtubotni og handlaug af varnaraðila þann 21. júní 2024 og greiddi 178.875 krónur fyrir. Skyldi afhending varanna fara fram í júlí 2024. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir sóknaraðila um afhendingu varð varnaraðili ekki við því. Með tölvupósti, dags. 8. desember 2024, gerði sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu kaupverðs. Féllst varnaraðili á það í tölvupósti 10. sama mánaðar. Að sögn sóknaraðila hefur engin endurgreiðsla borist enn.

Í málinu liggur fyrir að bú varnaraðila var tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði héraðsdóms uppkveðnum 13. mars 2025. Varnaraðili, og nú þrotabúið, hefur ekki efnt sinn hluta samningsins. Með hliðsjón af framangreindu, atvikum máls þessa og framlögðum gögnum, er fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu að fjárhæð 178.875 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 178.875 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson